




Deiliskipulagstillaga, Mvk. 1:5000

INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða deiliskipulag fyrirhugaðrar Tjarnavirkjunar. Skipulagssvæðið er í landi Tjarna, Hólsgerðis og Halldórsstaða í Eyjafjarðarsveit. Með greinargerð þessari er einnig umhverfisskýrsla sem unnin er samkvæmt lögum nr. 105/2016.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að setja ramma fyrir framkvæmdir og starfsemi á svæðinu, laga framkvæmdasvæðið að umhverfinu, takmarka áhrif á náttúru á svæðinu og lágmarka oafturkræf umhverfisáhrif.

FORSENDUR

Forsendur deiliskipulagsins eru áform Tjarnavirkjunar ehf. um að reisa virkjun í Eyjafjarðará. Þar er áformað að byggja 1 MW vatnsaftsvirkjun. Svæðið er í landi Tjarna, Hólsgerðis og Halldórsstaða í Eyjafjarðarsveit. Aðkoma að Tjarnavirkjun verður um Eyjafjarðarleið, veg nr. 821. Virkjunin tengist dreifikerfi Rariks við stöðvarhús.

Stíflan verður ofan við gamalt vegstæði, og ofan hennar myndast um 1,0 ha inntakslón, að mestu í núverandi farvegi árinnar. Þrýstipípan mun liggja í gegnum tún og svo niður með vegi. Stöðvarhús verður milli heimreiðar og árinnar og nýr vegur verður lagður meðfram aðrennslisþípu, frá heimreið að Tjörnum að inntaksstíflu. Affallið mun renna út í Eyjafjarðará, rétt við brúarstæðið, ofan veiðistaðar við Halldórsstaðafliúðir.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samhliða deiliskipulagi þessu er unnin breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en verður skilgreint sem iðnaðarsvæði eftir breytingu. Markmið aðalskipulagsins

varðandi iðnaðar- og athafnasvæði er að „*Sköpuð verði skilyrði fyrir aukinni fjölbreytni atvinnulífs með því að fylgjast vel með öllum raunhæfum tækifærum sem gefast.*“

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýtingu auðlinda á landbúnaðarsvæði í formi orkuvinnslu og með auknum tekjum í sveitarfélaginu eykst hagr ibúa. Aukin raforka skapar einnig möguleika á þróun á atvinnustarfsemi, bæði í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Markmið aðalskipulagsins varðandi iðnaðar- og athafnasvæði er sú að „*Sköpuð verði skilyrði fyrir aukinni fjölbreytni atvinnulífs með því að fylgjast vel með öllum raunhæfum tækifærum sem gefast.*“ Deiliskipulagið samræmist því markmiðum aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025.

Þar sem framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er framkvæmdin matsskyld skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er í sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit. Skipulagssvæðið er í landi Hólgerðis, Halldórsstaða og Tjarna. Aðkoma er um Eyjafjarðarbraut vestri (nr. 821) og heimreið að Halldórsstöðum og Tjörnum (nr. 8374).

Hólsgerði er fremsti bær í byggð í Eyjafirði og er akvegur upp úr firðinum liggur þar um hlað. Tjarnir eru ekki í byggð og hefur íbúðarhús verið fjarlægð, en útihús standa enn og eru nýtt frá Halldórsstöðum, ásamt túni og úthaga. Búskapur er á Halldórsstöðum og Hólsgerði.

Virkjunarsvæðið er í mishæðöttu landi þar sem lítt grónir hólar eru innan um vel grónar lægðir sem einkennast að mestu af landbúnaði. Tún og beitarsvæði eru áberandi, auk annarra vistgerða í óræktuðum brekkum og meðfram ánni.

Eyjafjarðará er þekkt veiðiá og er fiskgeng töluvert upp fyrir virkjunarsvæðið. Virkjunin verður á efsta veiðisvæðinu sem byrjar við Ártún, norðan Hólavatns, og endar við Hafrárstreng. Á efri veiðisvæðum árinnar er sjóblekjiga ráðandi.

Öll mannvirki virkjunarinnar verða staðsett á áður röskuðu landi.

Engar fornminjar eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Mástaðarúst og Granastaðarúst, sem njóta friðunar, liggja sunnan við virkjunarsvæðið.

Engin verndarákvæði eru í gildi á umræddu svæði og ekki er um að ræða vistkerfi eða jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

LÝSING Á FRAMKVÆMDUM VIRKJUNARINNAR

Sá hluti Eyjafjarðarár sem verður virkaður rennur í gegnum hólana í landi bæjanna Hólsgerðis, Halldórsstaða og Tjarna. Meginframkvæmdirnar verða við stíflustæði, lagningu aðrennslisþípu og við stöðvarhús.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er aðallega vegna vegagerðar að inntaki og í skurð meðfram pípu. Gert er ráð fyrir að efni verði að mestu tekið úr gamalli og opinni námu við Glerá sunnan Tjarna.

ALMENNIR SKILMÁLAR

Skipulagssvæðið er um 12 ha. Við allar framkvæmdir á svæðinu og hönnun mannvirkja skal gæta þess að fella framkvæmdina sem best að svipmóti lands, skv. 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu. Leitast skal við að ganga frá rasksvæðum jafnóðum og framkvæmdum lýkur og að öllum yfirborðsfrágangi verði lokið ekki siðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Gæta þarf vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja til að draga úr sjónrænum áhrifum virkjunarinnar sem og umhverfinu í kring. Við framkvæmdir skal leitast við að geyma svarðlag og leggja það aftur yfir röskuð svæði við frágang til þess að ná sem fyrst upp fyrri ásynd lands. Framkvæmdum skal almennt hagað þannig að gróðursvæðum sé ekki raskað umfram brýna þörf.

Ekki er gert ráð fyrir vinnubúðum. Reiknað er með aðstöðu í færanlegum skúrum sem notaðir verða meðan á vinnu stendur. Verða þeir fjarlægðir að framkvæmd lokinni.

HÖNNUN MANNVIRKJA OG UPPDRÆTTIR

Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreit fyrir stöðvarhús. Allir meginhlutar byggingar skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði lóðarinnar. Mesta hæð á þaki stöðvarhúss er 6,5 m yfir gólfkóta, niðurgrafið að hluta.Mænisstefna og þakhalli er frjálś. Húsagerðir eru frjálśar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, bílastæði, girðingar og annað sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

MÆLI- OG HÆÐARBLÖÐ

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Hæðarblöð sýna gangstéttarhæðir og götuhæðir við lóðarmörk (G), sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum, lóðarhæðir á baklóðamörkum (L). Hæðarblöð sýna ennfremur staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögum, svo og kvaðir um inntök veitustofnana.

Mynd 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og niðurstöðu			
UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ	NIÐURSTAÐA
Gróður	Mun ætatlunin hafa áhrif á gróður? Mun ætatlunin hafa áhrif á plöntutegundir á vðlist? Mun ætatlunin hafa áhrif á bakkagróður?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.	Tún og beitarsvæði eru áberandi, auk annarra vistgerða í óræktuðum brekkum og meðfram ánni. Ætatlunin hefur ekki áhrif á plöntutegundir á vðlist. Bakkagróður nýtur sérstakrar verndar skv. 56. gr. náttúruverndarlaga: „Við vatnsnýtingu skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst rökun verði á bökkum“. Inntakslón er um 1,0 ha að stærð og nær um 250 m upp fyrir inntakstíflu. Bakkagróður mun breytast nokkuð á því svæði, en þar sem miðlun er engin og vatnsborðsbreytingar litlar, mun gróðurinn jafna sig með tímanum. Áhrif virkjunarinnar á grunnvatnsborð við ána eru því óveruleg og virkjunin hefur hverfandi áhrif á bakkagróður milli inntakslóns og stöðvarhúss.
Landnotkun	Mun ætatlunin fela í sér áhrif á landnotkun svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. um markmið laganna. Landsskipulagsstefna 2015-2026, kaflar 2.1 um sjálfbæra byggð í dreifbýli, kafla 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kafla 2.5 um orkumannvirki og afhendingu raforku. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, markmið.	Vel gróin tún og beitarsvæði eru beggja vegna árinnar og eru þau fullnýtt. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á áframhaldandi landbúnaðarnýtingu eftir að rask hefur verið grætt upp. Lón mun að hluta ná yfir beitarlанд austanmegin og hluti aðrennslisþípu mun liggja í túni meðfram árbakkanum og þar með valda einhverju riski á túni. Hluti pípu liggur í vegkanti að stöðvarhúsi og verða engin áhrif vegna hennar. Með því að græða landið upp að framkvæmdum lokum er ljóst að svæðið mun komast í samt horf og hægt að nýta land áfram til beitara og ræktunar eins og verið hefur. Áhrifin teljast óveruleg og afturkræf að mestu, utan þess lands sem fer undir vatn.
Fornminjar	Mun ætatlunin hafa áhrif á friðlýstar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar, 1. gr. um tilgang laganna, 16. gr. um skipulag og 23. gr. um fornleifar í hættu.	Skipulagssvæðið er utan við tvo minjastaði sem eru í landi Tjarna, Mástaðarúst og Granastaðarúst. Framkvæmdin hefur engin áhrif á þær. Fornleifaskráning var unnin af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi, í september 2017. Þar kemur fram að í landi Hólsgerðis eru heimildir um stekk sem var í vegstæði við brúarstæði og vað yfir ána. Þessar minjar liggja fyrir utan framkvæmdarsvæðið og hefur þar af leiðandi engin áhrif á þær.
Fuglalíf	Mun ætatlunin hafa áhrif á fuglalíf og búsvæði þeirra?	Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag. Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda.	Fuglalíf var kannað á áhrifasvæði virkjunarinnar í júní og júlí 2017. Allir fuglar sem sástu eða heyrðist í voru skráðir niður sem og öll hreiður sem fundust og ungar sem sástu. Neiðvæð áhrif mannvirkja á fugla og búsvæði verða óveruleg ef nokkur. Þó verður einhver truflun á framkvæmdatíma. Áhrif breytts vatnafars einskorðast við straumönd sem sækir fæðu í ána. Eitt straumandapar virðist verða á þeim kafla árinnar sem mun upplífa skert rennslí en sá kaflí er mjög stuttur og mun áfram nýtast straumöndum, stór búsvæði eru bæði ofan og neðan við hann. Áhrif á straumönd og fuglalíf svæðisins eru talin óveruleg.
Vatnalíf og veiði	Mun ætatlunin hafa áhrif á ána sem veiðisvæði og fiskistofna?	Lög um lax og silungsvæði, Nr. 61/2005, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda.	Tjarnavirkjun er á efsta veiðisvæði Eyjafjarðarár sem byrjar við Ártún, norðan Hólavatns, og endar við Hafrárstreng innst í firðinum. Veiðitímabilið þar er aðeins í ágústmánuði. Ofan stíflu eru fjórir þekktir veiðistaðir en á milli stíflu og stöðvarhúss eru engir merkir veiðistaðir. Við efstu flúð neðan brúar að Halldórsstöðum og Tjörnum er þekktur veiðistaður og mun affall stöðvarhússins koma út í ána fyrir ofan flúðina til að halda sama vatnsmagni í veiðistaðnum. Mótvægisáðgerðir eru að í skilmalum er krafist þess að nota skuli Coanda-inntak sem tryggir að seiði lendi ekki í vélbúnaði virkjunarinnar. Frjálst yfirfall og fiskvegur sér til þess að alltaf sé að minnsta kosti 1 m/s lágmarksrennslí í farvegi árinar. Far sjóblekjigu verður ekki fyrir áhrifum og seiði sem og stærri fiskir munu ekki lenda í vélbúnaði virkjunarinnar. Sá kaflí árinnar sem verður fyrir skertu rennslí er mjög óhentugur fyrir sjóblekjuseiði og minna rennslí mun jafnvel verða til bóta, samanber úmsögn fiskifræðings sem telur að áhrif virkjunarinnar á fiskistofna í Eyjafjarðará muni teljast frekar jákvæð heldur en neiðvæð. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fiskistofna eru því talin óveruleg eða engin og að hluta til jákvæð.
Landslag og ásynd	Mun ætatlunin hafa áhrif á ásynd svæðisins m.t.t sjónrænna áhrifa og náttúrulegs landslag?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag, 69. gr. um hönnun mannvirkja.	4 m há stífla mun breyta ásynd nærumhverfisins töluvert. Áin er hlýkkjótt og liggur á milli hóla og í bröttum gjllum. Landslag á vesturbakkanum einkennist af hólum, sem munu skýggja á stífluna frá veginum sem liggur upp úr firðinum. Stíflan mun ekki sjást nema komið sé fram hjá Hólsgerði. Stífla og lón munu sjást úr fálshlúðum beggja vegna dalsins og þegar komið er niður í dalinn ofan af hléendi. Breytingar á ásynd vegna aðrennslis-pípuunnar verða fyrst og fremst á framkvæmdatíma. Að lokinni uppgreðslu verða ummerki ekki mikil og ásynd því aðeins breytast til skamms tíma. Stöðvarhúsið verður við árbakkann, í brekku neðan við vegginn að Halldórsstöðum. Húsið verður niðurgrafið að hluta. Húsið mun því ekki stinga í stúf við önnur mannvirki á svæðinu hvað varðar stærð, en sést vel frá þjóðvegnum. Mótvægisáðgerðir eru þær að gæta þarf vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja til að draga úr sjónrænum áhrifum virkjunarinnar sem og umhverfinu í kring. Leitast skal eftir því að ganga frá rasksvæðum jafnóðum og framkvæmdum skuli almennt hagað þannig að svæðum verði ekki raskað umfram brýna þörf. Helstu breytingar á ásynd verða við stíflu og lón og við stöðvarhúsið, en mishæðött landslag dregur úr sjónrænum áhrifum. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða verða áhrifin á landslag og ásynd á svæðinu óveruleg.
Jarðminjar	Mun ætatlunin hafa áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja	Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta hraunhellar, gervigigar, fossar og nærumhverfi þeirra sérstakrar verndar. Engar slíkar jarðminjar eru innan framkvæmdasvæðis Tjarnavirkjunar. Áhrif á jarðminjar eru talin óveruleg.

SORP OG ÚRGANGUR

Allt sorp og allur úrgangur sem til fellur skal settur í sorplát og fluttur til förgunar.

BÍLASTÆÐI

Gera skal ráð fyrir a.m.k. tveimur bílastæðum við stöðvarhús.

VEGIR

Nýr vegur verður lagður meðfram aðrennslisþípu, frá heimreið að Tjörnum að inntaksstíflu, um 570 m langur. Færa þarf veg að Halldórsstöðum ofar til að hægt sé að koma fyrir stöðvarhúsi og vegi að því. Gerður verður nýr vegur að stöðvarhúsi frá heimreið að Halldórsstöðum, um 100 m langur.

SÉRSKILMÁLAR

STÍFLA

Heimilt er að reisa stíflu allt að 4 m háa og 100 m langa inntaksstíflu í Eyjafjarðará ofan við gamalt brúarstæði milli Hólsgerðis og Tjarna. Yfirfall allt að 2 m hátt, botnrás og inntaksþró skulu vera steinsteypð. Áformuð yfirfallshæð er 221 m.y.s. Inntakslón verður um 1,0 ha. Lónið takmarkast við núverandi árfarveg og tekur yfir um 0,3 ha af þurru landsvæði.

Inntaksrist verður innbyggð í yfirfall stíflunnar og miðlun því engin. Nota skal fingerða rist sem tryggir að seiði lendi ekki í vélbúnaði virkjunarinnar. Ristin er mjög fingerð sem tryggir að hvorki fiskar né seiði komist í vél virkjunarinnar. Við austurenda inntaksins verður byggður fiskvegur og yfirfall til að tryggja lágmarksrennslí framhjá inntakinu. Við austurenda stíflu verður inntaksþró og lokahús.

AÐRENNSLISÞÍPA

Aðrennslisþípan skal vera niðurgrafin og allt að 1,2 m í þvermál. Aðrennslisþípan verður því sem næst þrýstingslaus frá stíflu að jöfnunarþró, þaðan verður þrýstipípa að stöðvarhúsi. Heildarlengd aðrennslisþípu verður um 1.400 m. Þípan verður lögð í tún meðfram árbakkanum og í vegkanti heimreiðarinnar að Tjörnum. Slóði verður gerður við hlið pípu í túninu. Að jafnaði er reiknað með 1 m efnisþykkt yfir pípu.

STÖÐVARHÚS

Stöðvarhús verður á árbakkanum norðan brúar á vegi að Halldórsstöðum og Tjörnum. Stöðvarhús skal vera að hámarki 120 m² að stærð, hæð 6,5 m og niðurgrafið að hluta. Frárennslí virkjunarinnar verður ofan flúða neðan brúarinnar. Í stöðvarhúsi verður tilhyrlandi stjórnbúnaður og rofabúnaður, auk lágmarksaðstöðu til viðhaldsvinnu. Spennir verður við hlið stöðvarhúss.

Samkvæmt 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal þess gætt að mannvirki falli sem best að svipmóti landsins. Gæta þarf vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja til að draga úr sjónrænum áhrifum virkjunarinnar og umhverfinu í kringum mannvirkin.

JARÐSTRENGUR

Virkjunin tengist dreifikerfi Rariks við stöðvarhús.

GEYMSLA SPILLIEFNA

Takmarka skal geymslu spilliefna á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir geymslu slíkra efna annars staðar en í stöðvarhúsi.

EFNISTAKA


Heildarefnisþörf fyrir virkjunarframkvæmdina er að hámarki 15.000 m³ og er það fyrst og fremst efni í fyllingu við enda stíflunnar, umhverfis aðrennslisþípu og í grunn stöðvarhúss, auk efnis í vegagerð að inntaki og stöðvarhúsi og breytingar á vegi að Halldórsstöðum. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði úr áreyrum þar sem hliðaráin Glerá rennur út í Eyjafjarðará, um 700 m sunnan Tjarna. Um er að ræða opna námu þar sem efni hefur verið tekið úr.

UMHVERFISSKÝRSLA

SKILGREINING OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu áhrif deiliskipulagsins eru á umhverfisþættina gróður, landnotkun, fornminjar, fuglalíf, vatnalíf og veiði, landslag og ásynd, og jarðminjar. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirliggjandi gögnum

Við vinnslu umhverfisskýrslu var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.



Úr aðalskipulagi Eyjafjaraðarsveitar 2005 - 2025

SKÝRINGAR

Deiliskipulagsmörk

Lóðamörk

Byggingarreitur

Efnistaka

Núverandi vegur

Nýr vegur að stíflu

Aðrennslisþípa

Lón

Tjarnir

Friðlýstar minjar

SAMPYKKTIR

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. grein Skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í _____ 2017

Skipulags- og umhverfisnefnd:

þann _____ 2017

Sveitarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2018

(undirskrift)

Eyjafjarðarsveit

Tjarnavirkjun

Deiliskipulag

	Tillaga	Útgáa
		V01
	Hæðvæð 1:5.000	Staðsetning A1
		Tekning nr. 001
Úmíð tyfa Tjarnavirkjun ehf.	Daga. 02.11.2017	Teknað af þrs

EFLA

VERKFRÆÐISTOFA